

# STARFSLEYFI

## Landmótun í Gígahnjúksnámu

Endurvinnsla úrgangs

**Hellisheiði**

**816 Ölfus**

kt. 521213 0190

Nafn og kt. rekstraraðila: **ON Power, kt. 521213 0190**

Heimilisfang: **Bæjarháls 1, 110 Reykjavík**

**Útgáfudagur: 14. apríl 2020**

**Gildir til: 14. apríl 2022**

Starfsleyfi þetta er gefið út skv. ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða settum skv. þeim sem um starfsemina kunna að gilda.

**Leyfið er einnig gefið út með neðangreindum starfsleyfisskilyrðum:  
Fyrir landmótun í Gígahnjúksnámu á Hellisheiði  
dags. 14. apríl 2020**

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi, nema að nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn. Ef fyrirtækið hættir rekstri skal það tilkynnast með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og fellur starfsleyfið þá úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess.

Starfsleyfið skal hanga uppi á áberandi stað.


Starfsleyfið er gefið út til 12 ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda. Endurskoða skal jafnan starfsleyfi á fjögurra ára fresti.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld skv. gildandi gjaldskrá.

### Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

Austurvegi 65, 800 Selfoss kt. 480284 0549 Sími 480 8250

Selfossi, 14. apríl 2020



**Sigrún Guðmundsdóttir**  
framkvæmdastjóri





# STARFSLEYFISSKILYRÐI

## ON Power ohf.

Kt. 521213 0190

### fyrir landmótun í Gígahnjúksnámu á Hellisheiði 816 Ölfus

#### 1. ALMENN ÁKVÆÐI, MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit.

Eintak af starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum skal ávallt vera tiltækt á vinnustað.

- 1.2 Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur eftirlit með ofangreindri starfsemi starfsleyfishafa samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., ákvæðum reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

- 1.3 Markmið starfsleyfisskilyrða þessara er að koma í veg fyrir mengun og stuðla að heilnæmu og hreinu umhverfi.

- 1.4 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir móttöku endurnýtanlegs óvirks jarðvegsúrgangs, s.s. moldar, malar, grjóts og hraungjalls, til landmótunar vegna frágangs á Gígahnjúksnámu á framkvæmdasvæði Hellisheiðarvirkjunar. Landmótunarsvæðið kemur fram á mynd 3 í fylgiskjali með starfsleyfisumsókn og er svæðið merkt „N2“. Svæðið er ekki merkt sem efnistökusvæði á aðalskipulagi Ölfuss 2012-2022.

Ef starfsleyfishafi er með annan starfsleyfisskyldan rekstur samhliða ofangreindri starfsemi gilda um hann viðeigandi starfsleyfisskilyrði.

- 1.5 Heimilt er að endurskoða starfsleyfið ef í ljós kemur að mengun af völdum starfseminnar er meiri eða önnur en búast mátti við þegar leyfið var gefið út, ef breyting verður á rekstri fyrirtækisins, ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem leiða til betri mengunarvarna eða ef nýjar reglur um mengunarvarnir taka gildir.

Með mengun er átt við það þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valda óæskilegum og/eða skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun tekur einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis.

- 1.6 Starfsleyfishafi ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis síns og er skylt að fara eftir lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum.



- 1.7 Starfsleyfishafi skal veita Heilbrigðiseftirliti Suðurlands upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á starfseminni með góðum fyrirvara áður en í þær er ráðist. Sé um að ræða meiriháttar breytingu á rekstrinum eða breytingu sem gæti leitt til aukinnar mengunar að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.8 Starfsleyfið ásamt starfsleyfisskilyrðum fellur úr gildi ef starfsemin skiptir um eigendur eða ef framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar vegna hennar rennur út án endurnýjunar. Tilkynna skal heilbrigðiseftirliti ef starfsemin er lögð niður eða eigendaskipti verða.
- 1.9 Starfsleyfishafa er skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að fyrirbyggja mengun ef rekstur er stöðvaður tímabundið og koma athafnasvæði fyrirtækisins í viðunandi horf, að mati heilbrigðiseftirlits, ef rekstur er endanlega stöðvaður og starfsemin lögð niður.
- 1.10 Um aðbúnað starfsmanna og varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1988 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

## **2. MÓTTAKA EFNIS OG FRÁGANGUR**

- 2.1 Við frágang landmótunarsvæðisins skal fylgja leiðbeiningum í leiðbeiningaritinu Námur – efnistaka og frágangur, sem gefið var út árið 2002 og uppfært á vefnum [www.namur.is](http://www.namur.is).
- 2.2 Vinna skal allt hráefni jafnóðum og það berst á svæðið til að lágmarka hættu á foki, koma í veg fyrir óhollustu, óþrifnað og óþægindi. Þess skal gætt að athafnasvæðið sé ávallt snyrtilegt.
- 2.3 Heimilt er að taka á móti og endurnýta óvirkan jarðefnaúrgang, þ.e. mold, mól, grjót og hraungjall. Móttekið efnismagn og vinnsla jarðefna skal vera með þeim hætti að svæðið falli að umhverfi sínu og sé í samræmi við landslag í nærumhverfinu. Gróður sem nýttur er til landmótunarinnar skal eingöngu vera úr nærumhverfi.
- 2.4 Öll móttaka spilliefna, óendurnýtanlegs úrgangs og lífræns úrgangs s.s. trjáafklippa, timburkurls, garðaúrgangs, heimilisúrgangs, sláturúrgangs, fiskúrgangs, landbúnaðarúrgangs (þ.m.t. gamalt hey, hálmur og húsdýraskítur) og seyru, er óheimil á athafnasvæðinu. Berist á svæðið slíkur úrgangur eða spilliefni skal hann fjarlægður án tafar og komið á viðurkennda móttökustöð.
- 2.5 Ekki er heimilt að taka á móti endurnýtanlegum jarðvegsúrgangi sem ætlaður er til landmótunar og frágangs frá einstaklingum nema með samþykki heilbrigðiseftirlits.

## **3. UMHVERFI OG MENGUNARVARNIR**

- 3.1 Við reksturinn skal leitast við að lágmarka álag á umhverfið. Starfsleyfishafi skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim og skipuleggja orku- og efnanotkun á sem vistvænstan hátt.
- 3.2 Starfsleyfishafi skal eins og kostur er fyrirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði.



- 3.3 Starfsleyfishafi skal setja sér reglur um viðbrögð við mengunaróhöppum. Ísogsbúnað eða ísogsefni skal hafa til taks og nota við hreinsun vegna minniháttar leka eða óhappa. Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna, hvort sem er í loft, jarðveg, yfirborðsvatn, grunnvatn eða fráveitu, skal tafarlaust grípa til viðeigandi aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja frekari mengun og/eða slys og takmarka mögulegan skaða með hreinsun. Tilkynna skal eftirlitsaðila um slík atvik svo fljótt sem auðið er. Ef um er að ræða stærra mengunarslys sem starfsmenn ráða ekki við eða hættu á bráðamengun skal gera slökkviliði og öðrum viðbragðsaðilum viðvart um neyðarsíma 112.
- 3.4 Gæta skal ítrustu varúðar við alla meðferð olíu og spilliefna á athafnasvæðinu. Ekki skal geyma olíubirgðir á athafnasvæðinu umfram það sem þarf til daglegra nota. Olíugeymar skulu staðsettir á þéttu jarðvegsundirlagi sem hallar þannig að olíuleki geti ekki auðveldlega breiðst út frá geymastæði. Mengist jarðvegur af olíu vegna starfseminnar er starfsleyfishafi ábyrgur fyrir því að jarðvegurinn sé meðhöndlaður í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar (áður Hollustuverndar ríkisins) nr. 8 frá 1998 um meðferð á olíumenguðum jarðvegi.
- 3.5 Ekki má geyma hættuleg efni eða spilliefni á athafnasvæðinu.
- 3.6 Allar þungavinnuvélar skulu hafa gild skoðunarskírteini.
- 3.7 Eingöngu brýnustu viðgerðir á tækjum og búnaði til að forða tjóni eða umhverfismengun mega fara fram á athafnasvæðinu. Tæki skulu að jafnaði flutt af svæðinu til viðgerða.
- 3.8 Öll söfnun, urðun, brennsla eða önnur meðferð úrgangs á athafnasvæði fyrirtækisins er óheimil. Úrgang skal flytja reglulega til endurvinnslu eða förgunar hjá viðurkenndum móttökuaðilum sem hafa til þess tilskilin starfsleyfi. Þegar úrgangi sem flokkast sem spilliefni er skilað til flutningsaðila eða móttökustöðvar, skal sá sem skilar úrganginum fá afhenta kvittun fyrir skilunum þar sem fram kemur nafn beggja aðila, magn og gerð spilliefnanna ásamt dagsetningu skilanna.
- 3.9 Óheimilt er að geyma á svæðinu vélar, tæki og annan búnað eða hluti sem ekki tilheyra starfsemi eða eru ekki í reglulegri notkun við landmótunina. Allan búnað og hluti sem kunna að berast inn á svæðið og eru óviðkomandi rekstrinum skal fjarlægja jafnóðum.
- 3.10 Takmarka skal hávaða frá starfsemi eins og kostur er og þess gætt að hann valdi ekki ónæði eða óþægindum í nærliggjandi umhverfi. Hávaði við lóðarmörk skal ekki fara yfir tilgreind viðmiðunarmörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi, sbr. reglugerð nr. 714/2008 um hávaða.

#### **4. EIGIÐ EFTIRLIT OG SKRÁNINGAR**

- 4.2 Starfsleyfishafi skal koma á innra eftirliti og skráningum í samræmi við reglugerðir, umhverfisstefnu og gæðamarkmið fyrirtækisins. M.a. skal halda skrá yfir og geyma upplýsingar og athugasemdir starfsmamma og eftirlitsaðila um:



- a) öll tæki, vörubíla, olíutanka og þungavinnuvélar sem eru í notkun við vinnslu eða frágang á svæðinu.
- b) mengunarvarnir fyrirtækisins og atvik er varða t.a.m. rekstur og viðhald á mengunarvarnarbúnaði, bilanir tækja og véla, mengunaróhöpp o.þ.h. auk viðbragða við þeim.
- c) notkun, geymslu og förgun spilliefna, sbr. reglugerð um spilliefni nr. 806/1999.
- d) alla farma af óvirkum endurnýtanlegum jarðvegsúrgangi sem á svæðið berast til notkunar við landmótun og frágang. Skrá skal að lágmarki nafn flutningsaðila, tegund úrgangs og mælt eða áætlað magn úrgangs.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

## 5. ÝMIS ÁKVÆÐI

- 5.1 Starfsleyfi þetta er veitt til tveggja ára í samræmi við 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og ákvæði reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnustarfsemi og mengunarvarnareftirlit og öðlast gildi við birtingu.
- 5.2 Ef landmótun er ekki lokið við lok gildistíma starfsleyfis skal sækja um endurnýjun starfsleyfis. Við lok verks skal frágangur vera fullnægjandi að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.
- 5.3 Starfsleyfishafi greiðir árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurlands eins og hún er hverju sinni.

Selfossi, 14. apríl 2020

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands,

*Ragnhildur Sævarsdóttir*

Ragnhildur Sævarsdóttir,  
heilbrigðisfulltrúi



## Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis

# ON Power

kt. 521213 0190

**Bæjarháls 1,  
110 Reykjavík**

vegna Landmótunar í Gígahnjúksnámu á Hellisheiði, Ölfus.

### 1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu

Heilbrigðisnefnd Suðurlands barst þann 31. janúar sl. umsókn ON Power kt. 521213 0190, f.h. ON Power, kt. 521213 0190, um starfsleyfi fyrir Landmótun í Gígahnjúksnámu á Hellisheiði.

Um er að ræða endurnýjun á starfsleyfi og var móttaka umsóknar auglýst 18. apríl sl. á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, [www.hsl.is](http://www.hsl.is).

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, þar sem fram koma ákvæði um m.a. lágmörkun álags á umhverfi, orku- og efnanotkun, meðferð úrgangs, mengunarvarnir og rekstur og viðhald viðeigandi mengunarvarnarbúnaðar, tilkynningaskyldu vegna óhappa og/eða slysa, innra eftirlit og skráningar.

Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu að starfsleyfi byggðu á samræmdum starfsleyfisskilyrðum Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaganna, upphaflega útgefnum 2003, með uppfærslu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

### 2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun



og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Þann 31. janúar 2020 sl. sendi Heilbrigðiseftirlit Suðurlands umsagnarbeiðni um ofangreinda þætti til embættis skipulags- og byggingafulltrúa Ölfus. Þann 18. febrúar sl. barst jákvæð umsögn skipulags- og byggingafulltrúa um erindið.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu eða starfsemi fyrirtæksins, var ekki leitað umsagnar skipulags- og byggingafulltrúa um ofangreinda þætti.

### **3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu**

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Suðurlands í umboði heilbrigðisnefndar Suðurlands að auglýsa tillögu að starfsleyfi fyrir Landmótun í Gígahnjúksnámu á vegum ON Power á heimasíðu sinni. Auglýsingin var birt þann 18. febrúar sl. og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 17. mars sl.

### **4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma**

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

### **5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi**

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

### **6. Ákvörðun heilbrigðisnefndar Suðurlands um útgáfu starfsleyfis**

Á 203. fundi Heilbrigðisnefndar Suðurlands þann 24. mars sl. var ofangreind starfsleyfisumsókn ON Power tekin til afgreiðslu og ákveðið að starfsleyfi fyrir starfsemina yrði gefið út til 2 ára líkt sótt er um að loknum auglýsingatíma, að því gefnu að engar athugasemdir myndu berast á auglýsingatímanum.





## 7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Selfossi, 14. apríl 2020

F.h. Heilbrigðisnefndar Suðurlands,

*Ragnhildur Sævarsdóttir*

Ragnhildur Sævarsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

